

Mál nr. 257/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys. Sveitarfélag.

Gögn.

19. Málskot móttakið 10. júlí 2023, ásamt fylgiskjölum.
20. Bréf V dags. 26. júlí 2023.
21. Viðbótarthugasemdir lögmanns M, dags. 17. ágúst 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M var við vinnu sína hinn 16. ágúst 2021 við grunnskóla X þegar hann féll við sundlaug við grunnskóla X. Nánar tiltekið lýsir M því þannig í tjónstilkynningu hans og X til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 16. ágúst og 19. október 2021, að hann hafi gengið hring í kringum sundlaugina og þegar hann hafi verið kominn vestanvert við hana hafi hann stigið á hellulögn og misstigið sig illa á hægri fæti, auk þess sem hann datt fram fyrir sig. M kveðst strax hafa fundið fyrir óþægindum í hné og báðum ökkulum og í málskoti kemur fram að hann hafi tognað á lendhrygg, brjósthrygg og háls hrygg, liðhlaup, tognun og ofreynslu liða og banda í brjóstakassa auk tognunar á báðum ökkulum, olnboga og vinstra hné. Með gögnum málsins fylgja ljósmyndir af vettvangi.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna afleiðinga slyss hans og telur að stétt við sundlaug X sé illa viðhaldið og hún sé mjög varasöm. M kveðst hafa verið nýráðinn til starfa sem kennari hjá X og hafi hann því ekki þekkt aðstæður á slysstað og ekki verið varaður við hættu sem hafi verið við sundlaugina. M telur að frá steinssteyptri gönguleið við bakka sundlaugar X hafi verið mishæð, svokallað „hrasprep“, niður steinlagða stétt, auk þess sem steina hafi vantað í steinalögnina þar sem M steig niður fæti. M vísar til þess að aðbúnaður sé ófullnægjandi þar sem þrenns konar efnisval sé á gönguleið í kringum sundlaug X, tréfallur og steinsteypst stétt auk steinalagðar stéttar og sé mishæðótt á milli. Einnig bendir M á aðstæður séu ekki í samræmi við leiðbeiningar frá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins um þrep í gördum varðandi breidd og innstig þrepa.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að M beri sönnunarbyrði um að slys hans sé hægt að rekja til skaðabótaábyrgðar X og hafnar því að aðstæður á slysstað hafi verið óforsvaranlegar. Hellulögn í kringum sundlaug X hafi ekki verið frábrugðin því sem almennt mætti gera ráð fyrir og staðhæfingum um svokallað „hrasprep“ vísað á bug þar sem um sé að ræða lítið þrep niður á stétt sem sé ekki frábrugðið því sem almennt gerist við svipaðar aðstæður. V vísar til þess að hellulögnin sé í raun hluti af grassvæði við sundlaug X og hafi ekki verið um að ræða almennt göngusvæði sem gera megir ráð fyrir að starfsfólk eða gestir sundlaugarinnar gangi um, auk þess sem hverjum megir vera ljóst hvernig aðstæður séu þegar gengið sé um svæðið.

Í viðbótarthugasemdum lögmanns M, dags. 17. ágúst 2023 kemur fram að ef hellulögnin sé ekki hluti af eðlilegri gönguleið meðfram sundlaug X og barn síns tíma hafi átt að merkja hana þannig eða að minnsta kosti að taka upp stéttina og tyrfa upp að sundlaugarbakkanum. Engar merkingar hafi verið á vettvangi um að umrætt svæði væri ekki gönguleið auk þess sem M hafi verið í fylgt starfsmanns X sem hafi gengið með hann um svæðið. Einnig bendir M á að hann hafi verið sundkennari við skóla X og hafi verið nauðsynlegt fyrir hann sem kennara að hafa gott og greitt aðgengi allt í kringum sundlaugina til að tryggja öryggi barna í sundlauginni og til að geta leiðbeint þeim.

Álit.

Í gögnum málsins liggja fyrir ljósmyndir af þeim aðstæðum sem voru í kringum sundlaug við grunnskóla X. Við skoðun á þeim ljósmyndum verður ekki sýnt að aðstæður hafi verið með öllu óforsvaranlegar þó gangflötur hafi ekki verið alveg sléttur eða úr sama efni, enda verður ekki séð að það hvíli slíkar skyldur á X að svæði kringum sundlaugina sé þannig útbúið. Auk þess verður heldur ekki ráðið af gögnum málsins að starfsmaður X sem fylgdi M um svæðið hefði átt að vara sérstaklega við aðstæðunum. Telst því ekki sýnt að slys M verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X eða atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X, hjá V.

Reykjavík, 19. september 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir